

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað – börn og ungmenni með fjölþættan banda

Dags: 21. febrúar 2025

Málsnúmer: 202502527/-

Sendandi: Sigurbjörg Fjölinsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Undanfarið hefur mikið verið fjallað í fjölmiðlum um þá alvarlegu stöðu sem er nú uppi í meðferðarkerfi barna og ungmenna með fjölþættan vanda vegna skorts á meðferðarheimilum á vegum ríkisins. Um skyldur ríkisins er fjallað í XIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar kemur fram að ríkið skuli sjá til þess að til staðar séu bæði heimili og stofnanir til að neyðarvista börn vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, greina vanda þeirra barna sem þurfa sérhæfða meðferð sem og að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Þann 18. febrúar sl. sendi stjórn Samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga bréf til allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis þar sem stjórnin lýsti áhyggjum sínum af þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin vegna skorts á þjónustuúrræðum af hálfu ríkisins við börn og ungmenni með fjölþættan vanda og fjölskyldna þeirra. Hljóðaði bréfið á þessa leið og er þar rakinn vandi þessa málaflokks í stórum dráttum:

Staða barna og ungmenna sem þurfa á umfangsmeiri stuðningi og sérhæfðari úrræðum að halda m.a. vegna hegðunar og/eða fíknisjúkdóma hefur verið til umræðu um áráð og með markvissum og reglubundnum hætti frá því að þáverandi Barnaverndarstofa lagði niður meðferðarheimili á landsbyggðinni og í þeirra stað var lögð meiri áhersla á þjónustu í nærumhverfi barnsins m.a. á heimili með sérhæfðri ráðgjöf og aðstoð í formi MST (fjölkjerfameðferð). Sú áherslubreyting var vel á þeim tíma fyrir þann hóp barna og ungmenna sem getur nýtt sér þjónustu inn á heimili og þarf umfangsminni stuðning. Uppbygging úrræða fyrir þann hóp barna og ungmenna sem þurfa umfangsmeiri stuðning hefur ekki verið til staðar og til þess að bregðast við þeim alvarlega skorti hafa einkaaðilar boðið fram afar kostnaðarsama þjónustu sem sveitarfélögum er nauðugur einn kostur að nýta sér þar sem önnur úrræði sem eru á ábyrgð ríkisins, eru ekki til staðar.

Þann 16. júní 2022 skipaði þáverandi mennta- og barnamálaráðherra, stýrihóp um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Stýrihópurinn var m.a. skipaður fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barna- og fjölskyldustofu og Reykjavíkurborg og skilaði af sér skýrslu til þáverandi mennta- og barnamálaráðherra í ágústmánuði árið 2023. Lagðar voru fram 14 tillögur og þeim fylgdi ítarlegt kostnaðarmat.

Haustið 2024 átti sá hörmulegi atburður sér stað að 17 ára gamall piltur lést í eldsvoða á Stuðlum. Við þær aðstæður sem sköpuðust í kjölfarið kom bersýnilega í ljós hve alvarleg staðan er í málaflokknum. Neyðarvistun Stuðla sem þjónustar allar barnaverndarþjónustur landsins hefur verið í lamasessi síðan þá og börn eru vistuð, þó tímabundið sé, í óviðeigandi aðstæðum í fangaklefum í Flatahrauni. Uppbygging nýrra meðferðarheimila og úrræða hefur verið í algjörri biðstöðu og enn bolar ekkert á því meðferðarheimili sem átti að rísa í umdæmi Garðabæjar og fyrrum mennta- og barnamálaráðherra var með áform um. Til stóð að opna nýtt meðferðarheimili í Mosfellsbæ síðla ársins 2024 en starfsemin þar hefur ekki enn farið af stað þar sem leyfi skortir fyrir starfseminni og þess í stað hefur álmum á Vogu verið breytt til að reyna að mæta þörf.

Í nýútkominni þingamálaskrá nýrrar ríkisstjórnar er hvergi minnst á stöðu þessa hóps né áherslur á uppbyggingu úrræða sem sveitarfélögin hafa kallað eftir um árabíl né eftirfylgd þeirra tillagna stýrihópsins sem vísað er til hér að framan. Ótal starfshópar og skýrslur hafa verið gefnar út með kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Vandinn er öllum ljós en viðbragð er takmarkað og er svo komið að börnum og ungmennum og ekki síður fjölskyldum þeirra, er veruleg hættu búin vegna alvarlegs misbrest þegar kemur að uppbyggingu úrræða.

Úrræðaleyfi innan meðferðarkerfis barna og ungmenna er algjört og staðan er mjög alvarleg. Foreldrar og forsjáraðilar eru að gefast upp og starfsfólk barnaverndarþjónustu sveitarfélaganna og yfirmenn lýsa yfir grafalvarlegu ástandi þar sem úrræðaleyfi er ríkjandi og starfsfólk kemur alls staðar að lokuðum dyrum.

Stjórn samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaganna óskar eftir áheyrn allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis um þá alvarlegu stöðu sem er uppi í málaflóknum og mögulegt viðbragð. Þegar hefur verið óskað eftir samtali við mennta- og barnamálaráðherra en erindið fellur einnig undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti þegar kemur að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks sem og heilbrigðisráðuneyti. Samtök stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga hafa í gegnum árin átt farsælt og gott samstarf við þau ráðuneyti sem fara með málefni barna og ungmenna og málaflokka velferðarþjónustunnar og leggur mikla áherslu á reglulegt samtal áfram. Stjórnin er reiðubúin til frekara samstarfs til þess að ræða leiðir til úrbóta og koma þeim til framkvæmda eins og kostur er.

Er ljóst að vandi málaflokksins hefur náð eyrum innan ríkisstjórnarinnar. Þar hefur til dæmis einn þingmaður sérstaklega látið sig málaflokkinn varða og hefur m.a. fundað með Mosfellsbæ nýlega vegna þessa máls.

Á árinu 2023 kom út skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda (í fylgiskjali). Í niðurstöðum þeirrar skýrslu koma fram skýrar tillögur að stigskiptum úrræðum fyrir þennan hóp barna, sem eru samkvæmt skýrslunni nálægt því 130 börn á hverjum tímapunkti. Það er því ljóst að sú alvarlega staða sem nú er uppi á Stuðlum, sú ákvörðun Barnaverndarstofu á árinu 2017 að loka meðferðarúrræðum og færa þjónustuna nær heimilum foreldra, lokun á meðferðarheimilinu Lækjarbakka vorið 2024 vegna myglu sem og að ekki hefur gengið eftir að opna þau meðferðarheimili sem áætlað hefur verið að byggja upp m.a. í Garðabæ og Mosfellsbæ hefur skapað það ástand að foreldrar eru komnir að algerum þolmörkum, sveitarfélög hafa neyðst til að grípa til ráðstafana langt umfram lagalega skyldu þeirra en það sem verst er að börnin okkar líða sem mest fyrir það að fá ekki þjónustu við hæfi.

Vitandi það að forvarnir eru besta vörnin ákvað Mosfellsbær að slá vörn í sókn og lagði því fram aðgerðaráætlunina Börnin okkar samhliða fjárhagsáætlun ársins 2025 þar sem við sem samfélag öxlum okkar ábyrgð í því að skapa heillavænlegt samfélag fyrir börnin okkar í Mosfellsbæ til framtíðar. Til þess að slík áætlun skili raunverulegum árangri til lengri tíma þarf þó að tryggja meðferðarúrræði fyrir þann hóp barna sem eru stödd í alvarlegum vanda nú þegar. Stjórn samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga mun einnig halda áfram að veita ríkisstjórninni aðhald til að fylgja sínum lögbundnum skyldum eftir gagnvart þessum viðkvæma og mikilvæga hópi barna.

Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölnisdóttir

Fylgiskjöl:

1. Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.
2. Áfangaskýrsla II um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks.